

M: 15/, 1962

SKÓGARVÖREURINN A SUÐVESTURLANDI.

S T A R F S S KÝR S L A 1 9 6 2.

S T A R F S S K Ý R S L A 1 9 6 2 .

Girðingar:

Girðingum Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var haldið við á árinu og lagfærðar eins og þörf krafði. Endurbótum á Laugarvatnsgirðingu á fjallinu austan við Skjálfsvíar varð þó að slá á frest um eitt ár, sakir fjárskorts og einnig fyrirhugaðri endurnýjun á Haukadalsgirðingu.

Aurskriða sem féll úr Laugarvatnsfjalli 27. maí og átti upptök sín skammt undan Snorrahaug, féll á girðinguna ofan og austan við kennarabústaðina. Tók girðingu þar af á um 300 m. kafla. Þegar sjatnað hafði í skriðunni var þessi kafli endurgirtur með nýju efni og ennfremur lagfært annað sem með purfti á girðingunni meðfram veginum.

Gróðursetning:

I skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðvesturlandi var gróðursett sem hér segir:

I Haukadal: um vorið: 1962

1.	6.510 18.000	rauðgreni sitkagreni	3/4 2/2	N- Helgeland Seward	(Hall.) (Tum.)	²⁰¹⁹ ₂₀₂₀ ₂₀₂₁
sumargróðursetning í ágúst:						
2.	39.800 9.000 8.000 15.000 3.000 2.000	sitkagreni sitkagreni rauðgreni rauðgreni stafafura bergfura	2/2 2/2 ofan 2/3 ofan 2/2 2/2 ofan v 3/0 - v	Seward Homer Grane Vefsen Snåsa þóðagreni Austurr.	^{7.35} ^{8.55} ^{1.15} ^{0.70} ^{0.70} ^{1.60} ^{3.00} ^{0.50} ^{0.20}	²⁰⁸¹ ¹⁰⁷³ ¹⁰⁸¹ ¹⁰⁷² ¹⁰⁷⁴ ¹⁰⁸³
	<u>101.310</u>				<u>15.41</u>	

Að Laugarvatn:

407	alaskaaspir	50 - 75 cm.	(Tum.)
-----	-------------	-------------	----------

V- Íslendingareitur á Pingvöllum:

2.000 1.000	sitkagreni hvítgreni	2/2 2/3	Seward Fort St. James	(Hall.) (Hall.)
----------------	-------------------------	------------	--------------------------	------------------------

Sandey í Pingvallavatni:

200	sitkagreni	✓	2/2	Seward	(Fossv.)
100	bergfura	✓	3/0	Pyr.	(Fossv.)
100	stafafura	✓	2/2	Skagway	(Fossv.)

I Straumsgirðingu:

950	sitkagreni	2/2	Seward	(Hall.)
250	sitkagreni	2/2	Seward	(Fossv.)
110	blágreni	2/2	Sapinero	(Fossv.)
300	bergfura	3/0	Pyr.	(Fossv.)
150	birki	2/2	Bæjarst.	(Fossv.)

17.60

I Laugabólsgirðingu:

1.000	ravðgreni	2/2	Grane Vefsen	(Hall.)
3.000	sitkagreni	2/2	Homer	(Hall.)
90	alaskaaspir			(Tum.)
50	elri	2/3	Rognan	(Fossv.)
50	viðja			(Fossv.)
25	álmur	2/3		(Fossv.)

4.215

I Haukadal fór vorgróðursetning fram frá 6. júní - 24. júní og var að mestu unnin í tímavinnu af 5 - 6 manna vinnuflokki úr Reykjavík.

Allan júlí mánuð og fram í ágúst vann sami vinnuflokkur að grisjun í Haukadal. Framan af eingöngu í tímavinnu, en er leið á tímann var gerð tilraun með ákvæðisvinnu. Voru greiddar kr. 700.- fyrir hvern km. í rás sem var ca 1.75 á breidd. Við grisjunina voru eingöngu not-aðar Jo Bu sagir. Það kom í ljós að greiðslan fyrir ákvæðisvinnu í grisjun var full há. Land það sem grisjað var, reyndist mjög greið-fært. Það var vaxið kjarri frá hnéhæð og upp í mannhæð. Afköstir við grisjunina í tímavinnu voru hinsvegar svo bágborin að verulegur ávinn-ingur varð af ákvæðisvinnunni fyrir Skógræktina. Flokksstjóri stakk út línum fyrir rásum, aðstoðaði við að skerpa sagir og lagfæra þær, eftir því sem með þurfti og sá um að drætti fyrir matarfélag. Flokks-stjóri við vorgróðursetningu og grisjun var Egill J. Stardal. Matarfélag var í Haukadal 20. júlí til 30. ágúst, en fyrir 22. júlí var keypt fæði hjá Sigurði Greipssyni. Sumargróðursetning hófst hinn 13. ágúst og var öll unnin í ákvæðisvinnu. Greiddar voru kr. 0.45 pr. plöntu, en hámarksafköst miðuð við lo tíma vinnu, voru 800 plöntur. Flokksstjóri við gróðursetningu var Gunnar Finn bogason, skógverk-stjóri, til 24. ágúst, en Egill Stardal aftur síðustu vikuna.

Vorgróðursetning í Haukadal fór í ýmsa smáreiti svo sem á flöt-inna innan og ofan við hliðið til viðbótar gróðursetningu frá 1961. Ennfremur í þúfnastykkið ofan við bústað skógræktarstjóra og austur undir Sældarskoru. Þá var gróðursett í Miðhlíðarholti og fyllt í smáeyður ofan við Laugaá allt út undir girðingu. Var þar sumpart um

endurbót að ræða. Alls var gróðursett um vorið í tæpa 4 ha.

62 Sumargróðursetningin er öll innan við Kolabrekur, á svæðinu ofan við veg frá því sem frá var horfið í fyrrasumar og inn undir Kjaftagil vestara, en neðan vegar frá mýrarsundinu neðan við Kolabrekur og inn að Kjafti. Neðri mörk eru brekkulöggin neðan við hólabrúnir ca 250 m. frá vegi. Flataðmál ofan vegar er ca 3.15 ha. en neðan vegar ca 12.2 ha. Samtals var gróðursett í 19.35 ha. í Haukadal 1962.

Svo hafði verið ráð fyrir gert, að undirbúa gróðursetningu á Kotholtinu milli Beinár og Almenningsár með plægingu s.l. haust. En sakir bilunar á tækjum Ræktunarsambandsins sem ætlaði að framkvæma verkið, varð ekkert úr þessu, áður jörð frysti og verður það því að bíða næsta sumars.

Plöntur þær, sem gróðursettar voru í plögstrengi vorið 1961 döfnuðu vel í summar og virtust jafnfallegrí en plöntur þær, sem gróðursettar voru annarsstaðar í Haukadal á sama tíma.

Að Laugarvatni voru gróðursettar 407 alaskaaspir af vinnuflokki undir stjórn Pálma Pálssonar á Hjálmsstöðum. Voru aspirnar gróðursettar í aurskriðuna sem féll síðast í maí. Skriða þessi skemmdi allstóra spildu í hlíðinni. Hið efra skóf alveg ofan á móbergsklappir en hið neðra fyllti lautir og farvegi. Fór hún yfir hluta af Norðmannagróðursetningunni frá 1958, og munu nokkur lerki hafa grafist undir henni. Annars var það einkum víðikjarr og birki sem skemmdist. Tel ég rétt að hraða gróðursetningu trjáplantna og lúpínu í hana og einnig að sá í hana birki og grasfræi.

Í Straumi gróðursettu landnemar nokkuð en vinnuflokkur úr Reykjavík aðallega og bar á eldri plöntur.

Í Sandey í Pingvallavatni og í Vestur- Íslendingareit á Pingvöllum gróðursetti vinnuflokkur úr Reykjavík. Í Furulundinn og í brekkuna innan við Fögrubrekku allt inn að Leirum voru höggnar upp og færðar á brott lúsugar skógarfurur. Í desembermánuði var aftur farið í Furulundinn og grisjað og höggvið furulim.

Vestur í Laugaból fór Guðmundur Bjarnason við þriðja mann og gróðursetti þar og lagfærði girðingu o.fl.

Býzku bjúgskóflurnar voru hvarvetna notaðar við gróðursetninguna nema á Pingvöllum, þar varð að nota haka nema á stöku stað.

Vegagerð.

Enn varð að fresta framhaldi vegagerðar í Haukadal sakir fjárskorts. Er að því himm mesti bagi, þar sem viðhaldi hefir einnig verið skotið á frest og liggur því hluti hinna hálfofanibornu vega undir skemmdum.

Skjólbelti.

Hreinsun á eldri skjólbeltum á Hvítárbakka, Þórustöðu og Gunnarsholti var nú öll gerð með illgresiseyðingarlyfjum. Var það allt unnið samkvæmt fyrirmælum Hauks Ragnarssonar, tilraunastjóra. Var árangur allsstaðar góður. Er hér um gjörbyltingu að ræða á bessu sviði. Vinnukostnaður er aðeins brot af því sem annars verður, þegar þarf að hreinsa með verkfærum. Einu vandkvæðin eru að hitta á heppilegt veður, þegar bezt hæfir að sprauta á illgresið. Um notagildi hinna einstöku lyfja mun Haukur Ragnarsson, tilraunastjóri skýra frá er þar að kemur, en notkun þeirra í skjólbeltnum í ár, er einn liður í tilraunum hans.

Að Gunnarsholti var gróðursett í nýtt skjólbelti samsíða hinum premur eldri. Var nú aðeins gróðursett í jaðarrásirnar:

1.900 viðjur
1.900 þingvíðir

Lengd beltis er 950 m.

Gert er ráð fyrir að gróðursetja sitkagrenið í milliraðirnar tvær, á næsta vori.

Gróðursett voru 250 sitkagreni 2/3 Seward, í skörð í hinum eldri beltum, þar sem plöntur höfðu drepist.

Þá var Lárusi Helgasyni bónda að Kálfafelli í Fljótshverfi V- Skáft., veitt nokkur aðstoð til að hefja skjólbeltaræktun. Voru honu afhentar:

645 þingvíðir
215 viðjur

Vöxtur í skjólbeltnum var allstaðar í meðallagi síðastliðið sumar. Hæstu sitkagrenin í skjólbeltnum að Þórustöðum eru nú 1.60 m. að hæð en viðja og þingvíðir eru yfir 2 metrar að hæð. Þetta skjólbelti er gróðursett árin 1957 og 1958.

Feroalög.

Ég fór eins og á undanförnum árum margar ferðir til leiðbeininga og vegna starfa um Suðvesturland, en auk þess vegna skjólbelta-tilrauna um Borgarfjörð, Rangárþing og viðar.

I byrjun maímánuðar fór ég norður í Eyjafjörð og flutti erindi um skjólbeltaræktun á fundi skógræktardeildar Staðarsveitar og sýndi þar litmyndir. Einnig fór ég með forráðamönnum Skógræktarfélags Eyfirðinga um Öngulsstaðahrepp, að Kristnesi og í Kjarnagræðireitinn til athugunar og leiðbeininga um skjólbeltaræktun.

Ymislegt.

Ég sá um móttöku og afgreiðslu á girðingarefni fyrir Skógrækt ríkisins í Reykjavík.

Reykjavík 14/l. 1963.
Guðr. E. Þórhildur